

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Steindórs Dan Jensen, nefndarritara

ATH. Aðeins sent í tölvupósti.

Reykjavík, 8. mars 2021
Tilv.: 2101012

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki - 151. löggjafarþing, Þingskjal 757 – 444. mál.

1. Með tölvupósti, dags. 29. janúar 2021, veitti efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Samkeppniseftirlitinu færi á því að gefa umsögn um frumvarp atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Vegna anna fórst fyrir að veita umsögnina innan þeirra tímafresta sem gefnir voru og er beðist velvirðingar á því. Þrátt fyrir að svarfrestur sé liðinn óskar Samkeppniseftirlitið þess þó góðfúslega að fá að koma eftirfarandi umsögn á framfæri við nefndina.
2. Í frumvarpinu kemur fram að það sé liður í aðgerðaáætlun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um einföldun regluverks á málefnasviði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sem ætlað er að einfalda starfsumhverfi atvinnulífsins eins og kostur er og taka til endurskoðunar og eftir atvikum fella brott úrelt lagaákvæði og óþarfa leyfisveitingar. Í frumvarpinu er lagt til að viðurkenningu bókara verði hætt, að Tryggingadeild útflutningslána verði lögð niður, brottfall efnisreglna í lögum um starfsemi þeirra sem selja notuð ökutæki, einföldun á fyrirkomulagi fylgiráttargjalds, brottfall leyfisskyldu til að halda frjáls uppboð og brottfall laga um verslunaratvinnu og laga um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.
3. Frumvarpið fellur að þessu leyti vel að meginniðurstöðum í nýlegri skýrslu OECD um samkeppnismat í byggingariðnaði og ferðaþjónustu, sem unnin var samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að frumkvæði ráðherra samkeppnismála og í samstarfi við Samkeppniseftirlitið. Aðferðafræði OECD er gagnlegt verkfæri til að bera kennsl á hindranir svo löggjafanum sé unnt að komast í veg fyrir óþarfa takmarkanir á samkeppni vegna reglusetningar.
4. Samkeppniseftirlitið vill þó vekja athygli á einni breytingu sem gerð var á frumvarpinu, frá drögum þeim sem kynnt voru á vefgátt stjórnvalda á undirbúningsstigi, en í breytingunni felst að ekki er lengur kveðið á niðurfellingu kvaðar um að fasteignasali skuli eiga með beinum hætti meirihluta í félagi sem stundar fasteignasölu.
5. Samkeppniseftirlitið veitti umsögn um efni frumvarpsins, dags. 1. desember 2020, í kjölfar þess að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið birti það til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Í þeirri umsögn lýsti eftirlitið því m.a. að það teldi jákvætt að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skyldi stíga skref í átt að fækkun óþarfa takmarkana á samkeppni.



6. Í framangreindri umsögn lýsti Samkeppniseftirlitið m.a. stuðningi við það ákvæði frumvarpsins er varðaði fyrirhugaðar breytingar á lögum um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015. Umrætt ákvæði hefði verið í samræmi við ráðleggingar sem fram koma í fyrrgreindri skýrslu OECD um samkeppnismat í byggingariðnaði og ferðaþjónustu. Fól það í sér niðurfellingu kvaðar um að fasteignasali skuli eiga með beinum hætti meirihluta í félagi sem stundar fasteignasölu. Tók Samkeppniseftirlitið undir það sem nefnt var í frumvarpinu þess efnis að skilyrði sem þessi geti dregið úr samkeppni með því að draga úr fjárfestingu í greininni og koma í veg fyrir mögulegar nýsköpunarlausnir í rekstri fyrirtækja í fasteignasölu. Taldi Samkeppniseftirlitið líkur á að þessi rök geti átt við um fleiri greinar og hvatti því ráðuneyti og Alþingi til þess að skoða frekar hvort sambærilegar hindranir væru að finna í tilviki annarra greina og hvort ástæða væri til niðurfellingar sambærilegra kvaða.
7. Í því frumvarpi sem hér er til umsagnar hefur þó framangreint ákvæði verið fellt brott, með vísan til sjónarmiða um neytendavernd og mikilvægi þess að löggiltir fasteignasalar séu sjálfstæðir og óháðir í störfum sínum. Í 5. kafla greinargerðar frumvarpsins er gerð grein fyrir þeim umsögnum sem ráðuneytinu bárust á vettvangi samráðsgáttarinnar og þeim breytingum sem gerðar voru í kjölfarið. Þannig hafi Félag fasteignasala gert athugasemdir við ákvæðið í umsögn sinni með vísan til umfjöllunar í frumvarpi til laga nr. 70/2015. Þar hafi komið fram að reynsla annars staðar á Norðurlöndum um frjálst eignarhald félaga í fasteignasölu hafi ekki gefist vel og leitt til þess að fjármálafyrirtæki ættu stóran hluta félaga í fasteignasölu og að þóknarir væru mun hærri þar en hér á landi. Þá taldi félagið að fjölgun löggiltra fasteignasala á Íslandi frá árinu 2015 sem og lítil hækkun á þóknunum fasteignasala á undanförunum árum gæfi til kynna að á markaðnum sé virk samkeppni. Þá telur félagið að ákvæðið stuðli að því með virkum hætti að markmiðum laganna er snúa að neytendavernd verði náð.
8. Í þessu ljósi telur Samkeppniseftirlitið rétt að áréttu mikilvægi þess að stjórnvöld leggi áherslu á að koma til framkvæmda þeim tillögum sem fram koma í skýrslu OECD um úrbætur til að draga úr samkeppnishindunum í ferðaþjónustu og byggingariðnaði. Líkt og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fjallar um í fyrri útgáfu frumvarps þessa var í skýrslu OECD lagt til að skilyrði um að fasteignasali skuli eiga með beinum hætti meirihluta í félagi sem stundar fasteignasölu verði fellt brott enda til þess fallið að draga úr samkeppni með því að draga úr fjárfestingu í greininni og koma í veg fyrir mögulegar nýskapandi lausnir í rekstri félaga í fasteignasölu. Í skýrslunni kemur fram að skilyrði um eignarhald séu ekki skilvirk leið til að gæta neytendaverndar eða hagsmunaárekstra og unnið hefur verið að því í nágrennalöndum okkar að afnema slík skilyrði í lögum.
9. Með hliðsjón af framangreindu leggur Samkeppniseftirlitið til að horft verði til úrbótatillagna í fyrrgreindri skýrslu OECD og mælt fyrir um brottfall skilyrðis um að fasteignasali skuli eiga með beinum hætti meirihluta í félagi sem stundar fasteignasölu.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið


Hulda Ösp Atladóttir